

1. Af kolum, salti, sementi og útlendum áburði kr. 4.00 fyrir hverja smálest. **265**
2. Eigendur fiskibáta, sem aðsetur hafa á Hellnum, skulu greiða minnsta gjald 8. des. kr. 50.00.
3. Af óverkuðum saltfiski kr. 4.00, og þurrum fiskbeinum og verkuðum saltfiski kr. 5.00 fyrir smálest.
4. Af heilfötum (olíufötum) kr. 1.00, af hálfötum og tómum tunnum kr. 0.50.
5. Af kjöttunnum heilum kr. 1.00, af hálfum og tómum kr. 0.50, af trjávið alls konar kr. 0.15 hvert teningsfet.
6. Af bátum kr. 10.00. Af lifandi gripum kr. 15.00.
Af öllum öðrum vörum greiðist kr. 0.60 fyrir hver 100 kg.
Póst- og farþegaflutningur er undanskilinn gjaldi þessu, einnig vistir og aðrar nauðsynjar, fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja á höfn og nota til eigin þarfa.
Gjald skal ákveðið eftir farmskrám skipa og hefur hafnarnefnd heimilan aðgang að þeim þegar hún vill.

VI. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á höfninni eða mannvirkjum hennar fer eftir almennum lagareglum.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektarféð rennur í hafnarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þuríðar Pétursdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. des. 1950. **266**
11. des.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Þuríðar Pétursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þuríði Pétursdóttur, af eftirlifandi manni hennar, Sigurði Árnasyni, og börnum þeirra.

2. gr.
Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Þuríðar Pétursdóttur.

3. gr.

Fé sjóðsins, sem nú er að upphæð 3000 — þrjú þúsund — krónur, skal ávaxta í sparisjóði Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, eða á annan jafntryggan hátt. Berist sjóðnum tekjur af gjöfum, áheitum, sölu minningarspjalda o. fl., skal slíkt fé lagt við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól, þar til sjóðurinn er að upphæð kr. 10000.00. Úr því má verja úr sjóðnum $\frac{1}{2}$ hluta vaxta, þar til hann er kr. 50000.00, þá $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta, þar til hann er orðinn kr. 150000.00. Úr því öllum vöxtum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að vexti og útbreiðslu KFUK — Kristilegs félags ungra kvenna — innan sóknar Laugarneskirkju, aðallega með útbreiðslustarfsemi innan sóknarinnar, og til að styrkja konur úr þeirri deild til utanferða í því augnamiði, að kynna sér störf erlendra félaga, og öðlast þannig meiri hæfni til forystu KFUK. Um slíka styrki skal sækja bréflaga, og skal styrkur eingöngu veittur konum, sem þykja vel til þess fallnar, hvað menntun og trúarlegan þroska snertir. Skal þar farið eftir umsögn stjórnar félagsins og prests Laugarnessóknar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipi 3 félagskonur, og sé formaður félagsins sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnarinnar. Stjórninni ber að halda gerðabók yfir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrki, og allt annað, er varðar rekstur sjóðsins. Henni ber einnig að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa það á ársreikning sjóðsins. Reikningsárið sé almanaksárið.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, bækur og önnur skilríki á tryggum og eldföstum stað.

8. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 22. júní 1950.

Sigurður Árnason.